

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Lækjartún II, L215415.*

Deiliskipulagið tekur til um 1 ha spildu í landi Lækjartúns II, L215415, skammt austan Þjórsár. Afmörkuð er lóð, byggingarreitur og aðkomuvegur að fyrirhuguðu tengivirki. Aðkomuvegur/vegtenging inn að tengivirki og spennum hefur verið færð austar sem nemur 230 m. Leiðrétting hefur einnig verið gerð á heiti jarðarinnar Lækjartún 2 sem verður Lækjartún II að breytingu lokinni.

Samþykkt í hreppsnefnd 19. febrúar 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 17. apríl 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**